

Fundargerð
Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

Kynningarfundur um siglinga- og hafnarvernd í Rúgbrauðsgerðinni 26.
júní 2003, kl. 15-17.

Samgönguráðuneytið boðaði til kynningarfundar fimmtudaginn 26. júní 2003, klukkan 15-17 í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni um breytingar á Solas samþykktinni og ISPS-kóðann. Fundinn sóttu á milli 40 til 50 manns.

Glærur með erindum frummælenda má finna vef

Fundurinn hófst stundvíslega kl. 15 með ávarpi Ragnildar Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra. Hún lauk ræðu sinni með því að setja fundinn og afhenda Jóni Bernódussyni skipaverkfræðingi fundarstjórn.

Breytt var út af auglýstri dagskrá og flutti Ólafur Briem skipaverkfræðingur frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða erindi sitt þar sem hann kynnti breytingarnar á Solas og innihald ISPS kóðans.

Thomas Möller, formaður stýrihóps sem skipaður var af samgönguráðherra til að koma með tillögur að innleiðingu Solas breytinganna og kóðans, tók næstur til máls. Hann gerði grein fyrir fulltrúum hópsins, starfi hans og markmiðum. Kom fram í máli hans að hópurinn stefnir að því að gefa út áfangaskýrslu fyrir miðjan september 2003.

Svavar Ottósson verkefnisstjóri hjá Eimskip flutti erindi um efni ISPS kóðans með augum kaupskipaútgerða.

Már Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri Hafnarfjarðarhafnar flutti erindi um efni ISPS kóðans með augum hafna.

Að erindunum loknum var kaffihlé og því næst var boðið upp á umræður og spurningar utan úr sal.

Eftirtaldir voru á mælendaskrá:

Ari Guðmundsson frá Siglingastofnun svaraði nokkrum spurningum sem fram höfðu komið hjá fyrirlesurum:

- a) Hann tók undir það sjónarmið að ekki væri rétt að leita eftir undanþágum frá einstökum kröfum regnanna heldur benti á möguleikana sem felast í 11. og 12. reglum Solas samningsins, þ.e. heimild til sérstakra samninga á milli tveggja ríkja og jafngildisreglunni.
- b) Hann benti á að um leið og höfn eða skip hefur uppfyllt reglurnar geta þau tilkynnt um það til IMO.
- c) Hann miðlaði þeim upplýsingum að í USA er löggjöfin ekki lengra komin en hér, aftur á móti hafa þeir aðilar sem eiga að uppfylla reglurnar hafist handa og ávallt er byrjað á því að fá áhættumat, það er markar stefnuna um það til hvaða aðgerðar þarf á grípa.

Eyþór frá Eimskipum spurði hvort reglur um “Short-Sea siglingar” gætu komið að haldi, t.d. á milli Íslands og Færeyja.

Ari upplýsti að sú regla skv. Solas ætti einungis við um siglingar sem væru styttri en 20 sjómílar og ættu því ekki við hér.

Ólafur Briem velti því upp hvort hægt væri að skilgreina sérstaklega 11.gr. Solas um “Short-Sea siglingar” án tillits til almennu ákvæða samningsins.

Gestur Guðjónsson frá Olíudreifingu spurði hvort hægt væri að koma upp færanlegum búnaði í höfnum landsins sem grípa mætti til t.d. þegar olíuskip lönduðu á minni stöðum úti á landi, í ljósi þess hve um fá skipti væri að ræða á ársgrundvelli.

Ólafur Briem varð fyrir svörum og taldi þetta góðan kost, taka þyrfti tillit til þess í áhættumati einstakra hafna og verndarreglum þeirra.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá.

Thomas Möller þakkaði gestum komuna og áhuga á málefninu og tók fram að allir ættu aðgang að fulltrúum stýrihópsins ef fleiri spurningar vöknuðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.

Fundargerð ritaði Unnur Sverrisdóttir.

Finna má eftirfarandi glærur á vef samgönguráðuneytisins undir hnappnum :
“Siglinga- og hafnavernd”

ISPS-kóði.

Glærur með erindi Ólafs Briem skipaverkfræðings.

Glærur með erindi Svavars Ottarssonar verkefnisstjóra.

Glærur með erindi Más Sveinbjörnssonar framkvæmdastjóra.